

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 348 8. október 1976 um happdrætti
Háskóla Íslands.

1. gr.

1. og 2. másl. 1. málsgr. 11. gr. orðist svo: Verð hlutamiða er kr. 100,00 í hverjum flokki. Fyrir ársmiða skal greiða kr. 1 200,00.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 13 13. apríl 1973 um happdrætti Háskóla Íslands, öðlast gildi 1. janúar 1984.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 423 12. júlí 1982.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 13. maí 1983.

Friðjón Þórðarson.

Ólafur W. Stefánsson.

AUGLÝSING

um veitingu sérleyfis til áætlunarflugs.

Samkvæmt heimild í 3. gr. laga nr. 119 28. desember 1950, um stjórn flugmála og VIII. kafla laga nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, hefur samgönguráðuneytið hinn 21. desember 1982 veitt Flugfélagi Austurlands hf., Egilsstöðum, sérleyfi til reglubundins áætlunarflugs með farþega, vörur og póst, á eftirtöldum flugleiðum innanlands á tímabilinu 1. janúar 1983 til 31. desember 1984:

1. Egilsstaðir — Vopnafjörður — Bakkafjörður — Egilsstaðir.
2. Egilsstaðir — Borgarfjörður eystri — Egilsstaðir.
3. Egilsstaðir — Neskaupstaður — Egilsstaðir.
4. Egilsstaðir — Djúpvogur — Höfn — Egilsstaðir.

Sérleyfinu fylgir einkaréttur til að reka áætlunarflug á framangreindum flugleiðum, en jafnframt skylda að halda uppi áætlunarferðum eftir því sem flutningaþörf krefur að mati ráðuneytisins.

Samgönguráðuneytið, 2. maí 1983.

Steingrímur Hermannsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.